

# STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1984

---

---

5. júní 1984

393

Nr. 264

## REGLUGERÐ

**um niðurfellingu reglugerðar nr. 221 9. maí 1984, um bann við  
togveiðum á Hvalbaksgrunni.**

1. gr.

Frá og með 7. júní 1984, er felld úr gildi reglugerð nr. 221 9. maí 1984, um bann við togveiðum á Hvalbaksgrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júní 1984.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón B. Jónasson.*

1. júní 1984

Nr. 265

## REGLUGERÐ

**um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýs lánaflokks vegna breytinga á lánum þilfarsfiskiskipa úr sjóðnum í ný lán (skuldbreytingarlán).

Stefnt skal að því, að á árinu 1984 falli ekki til greiðslu afborganir og vextir á skuldbreytingarlán þessi og þau lán eða lánshluta sem greiðast upp með andvirði þeirra hærri fjárhæð en 450—460 milljónir króna miðað við verðlag í árslok 1983.

Skuldbreyting og lenging lánstíma samkvæmt reglugerð þessari skal eingöngu ná til lána, sem voru endanlega afgreidd úr sjóðnum 31. desember 1983 eða fyrr, en tekur hvorki til óafgreiddra lánsloforða í árslok 1983 né lána sem lofað er eða afgreidd eftir þann tíma.

## 2. gr.

Útgerðarmenn þilfarsfiskiskipa skulu eiga þess kost að breyta stofnlánum skipa sinna úr Fiskveiðasjóði Íslands, hvort sem þau eru í skilum eða vanskilum, allt að 90% af húftryggingarmati viðkomandi skips, í ný lán.

Fiskveiðasjóður ákveður endanlega fjárhæð hvers skuldbreytingarláns og tekur þá m. a. tillit til reiknaðrar greiðslubyrði frá árslokum 1983 til afgreiðslu skuldbreytingarláns. Stofnlán skipa utan Fiskveiðasjóðs hafa áhrif til lækkunar á skuldbreytingarlán Fiskveiðasjóðs ef samtala allra stofnlána er meiri en 90% af vátryggingarvirðinu.

Skilyrði þess að aðili eigi kost á slíku láni er að ljóst sé, að viðkomandi fiskiskip verði í eðlilegum rekstri og að það geti staðið í skilum með greiðslur af lánunum að mati sjóðsins.

## 3. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma skuldbreytingarlánanna og skal miðað við að hann verði 1—7 árum lengri en veginn meðallánstími þeirra lána úr Fiskveiðasjóði Íslands sem breytt er og ræðst lengingin af hlutfalli milli veðskulda hvers skips hjá sjóðnum og bönkum og húftryggingarmats þess. Við ákvörðun lánstíma skal einnig tekið mið af upphaflegum lánstíma viðkomandi stofnlána.

## 4. gr.

Lánin verði í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs með breytilegum vöxtum sem stendur 10% p. a. og reiknast vextir af þeim frá 1. maí 1984. Áður en vextir frá 1. maí 1984 til afgreiðsludags hvers skuldbreytingarláns koma til útborgunar skal dreginn frá þeim sá vaxtaafsláttur sem kann að hafa verið ákveðinn fyrir viðkomandi tímabil.

Gjalddagar lánanna verði 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftir á.

Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í viðkomandi fiskiskipi, innan 90% af húftryggingarmati þess.

## 5. gr.

Reglur þessar eru sértækar fyrir hvert skip og á útgerðaraðili þess kost að taka alla þá skuldbreytingu sem býðst eða enga.

## 6. gr.

Séu lán úr sjóðnum hærri en mögulegt er að skuldbreyta, samkvæmt 1. mgr. 2. gr., fer um þann hluta lánanna sem umfram er eftir almennum samningum milli Fiskveiðasjóðs og viðkomandi skuldara. Um þessar skuldir og samninga gildir eftirfarandi:

1. Annað tveggja er forsenda samninga:

- a) að sýnt sé fram á, að mati sjóðsins, að staðið verði í skilum með greiðslur af þessum hluta skuldanna.
- b) að auk 1. veðréttar í viðkomandi fiskiskipi verði veitt viðbótartrygging fyrir þessum hluta skuldanna.

2. Þessi hluti skuldanna verði áfram með sömu kjörum og núgildandi skuldabréf kveða á um nema á árinu 1984 skulu þau njóta sama vaxtaafsláttar og veittur kann að verða á skuldbreytingarlánum og lánstími lengist um allt að 7 ár, þó þannig að tekið sé mið af upphaflegum lánstíma viðkomandi stofnlána.

3. Þessi hluti skuldanna verði áfram með 1. veðrétti í viðkomandi fiskiskipi, samhliða 1. veðrétti á skuldbreytingarláni, auk frekari trygginga, sbr. tölulið nr. 1.

## 7. gr.

Allar fjárhæðir og hlutföll samkvæmt reglugerð þessari miðast við uppgreiðsluverð endanlega frágenginna lána þann 31. desember 1983 og það vátryggingarvirði sem í gildi var þann 1. janúar 1984.

## 8. gr.

Stofnlán úr Fiskveiðasjóði skulu skilgreind þannig að undir hugtakið falli öll lán sjóðsins sem tryggð eru með 1. veðrétti í viðkomandi skipi nema:

1. Lán til loðnuskipa úr gengismunarsjóði.
2. Lán úr hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.
3. Skuldbreytingarlán frá 1975—1976.
4. Lán úr Styrktar- og lánasjóði fiskiskipa.

## 9. gr.

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 30. september 1984.

## 10. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976 og lögum nr. 40/1984 um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1984.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*